



KKA – Akstursíþróttafélag

Akstursíþróttafélag vélsleða- og véhjólamanna á Akureyri

e mail: th@ALhf.is

Vættagilí 24, 603 Akureyri

sími: 892 9806, 460 9800, fax: 460 9801

Vegagerðin

Pálmi Þorsteinsson, rekstrarstjóri

Svæðismiðstöð

Miðhúsavegi 1,

600 Akureyri,

Sími 522 1000

Bréfsími 522 1809

Akureyri 21. ágúst 2008

Efni: Umferðarskilti / Bíldsárskarð.

Undirritaður er formaður KKA Akstursíþróttafélags. Upplýsingar um félagið má finna á vefsíðu félagsins www.kka.is. Félagið var stofnað 1996 og eru í því 335 félagar á öllum aldri. Félagið heldur uppi öflugum félagsstarfi fyrir marga aldurshópa. Félagssvæðið og félagsheimilið eru í Glerárhólum. Félagið heldur Íslandsmót í Enduroakstri, Motocrossakstri, fjallareiðhjólum, göturaiðhjólum og ýmsu fleiru. Félagið á erindi við Vegagerðina varðandi veginn yfir Bíldsárskarðið og umferðarmerkingu bæði austur í Fnjóskadal og Akureyrmegin.

Leiðin yfir Bíldsárskarð er fyrrum alfaraleið milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals. Þetta er gömul þjóðleið sem er öllum heimilt að fara. Farinn var götuslóði upp hjá frá Fíflilgerði að hestarétt og þaðan upp Sprengibrekku. Á hjalla ofan hennar var farið suður yfir Bíldsá og upp sneiðing að Biskupshellu á vesturbrún Vaðlaheiðar. Síðan er farið austur yfir Flóahrygg og áfram yfir Axlir. Suðureftir og niður heiðina að austan og suður að Grjótá og svo áfram niður á þjóðveginn í Fnjóskadal. Þetta er vegur sem notaður er við smölun og fleira. Hefur ekki verið skilgreindur sem reiðvegur neins staðar í skipulagi, enda um gamla þjóðleið og alfaraleið að ræða og ósanngjarnt að gera hana skyndilega að einkavegi hestamanna. Að auki í trássi og óþökk landeigenda.

Fyrir nokkrum árum síðan var lagður vegur um land Kaupangs frá Eyjafjarðarbraut og upp á þessa gömlu þjóðleið. Reiðveganefnd Léttis hefur sagt mér að félagið hafi látið leggja umræddan veg og hafi keypt landið undir hann. Kaupsamningi um landið hefur ekki verið þinglýst og liggur hann

hvergi fyrir og ekki heldur hjá Vegagerðinni. Efni hans er því ekki þekkt með vissu.

Skilti er neðst við þennan veg Létts þ.e. við Eyjafjarðarbraut með þessum hætti:



Þessi vegarbútur sem Létir á gæti verið einkavegur sbr. 11. gr. vegalaga en það fer þó hugsanlega eftir skilmálum sem þeim hafa verið settir í styrkveitingum vegna vegalagninarinnar. Létir getur því mögulega óskað eftir uppsetningu umferðarskilta sem banna umferð vélhjóla en það bann getur ekki náð lengra en vegurinn. Nú er fullkomlega óljóst hvert vegurinn þeirra nær en mér hefur verið sagt m.a. að hann nái upp að hliðinu undir hlíðinni, þ.e. upp að brekkurótum. Hins vegar fer mörgum sögum af því hvert hann nær en aldrei mikið lengra en það.

1. Ég leyfi mér að óska eftir því að vegagerðin setji upp skilti við endimörk þessa einkavegar Létts um að reiðvegur endi þar og að þar endi líka bannið við vélhjólaakstri, til þess að þeir sem að um veginn fara megi átta sig á því að reiðleiðin endar þarna. Auk þess óska ég eftir að sett verði skilti sem snýr að þeim sem koma austan að að þar byrji reiðvegur og bann við vélhjólaakstri á þessum vegi.

Austur í Fnjóskadal er skilti niður við þjóðveginn, sem bannar umferð vélhjóla, sbr. :



Merkið er við upphaf akvegjar sem liggur alveg upp að vatnaskilum í BÍldsárskarði og er allur í landi Fjósatungu. Ég hef rætt við landeigandann í Fjósatungu og hann hefur sagt mér að skiltið hafi verið sett upp að honum fornspurðum og það hafi verið gert í hans óþökk. Vegurinn er í hans einkaeign og er hann því veghaldari, sbr. 2. mgr. 13. gr. vegalaga. Léttir getur því ekki talist vera veghaldari á þessum stað.

Það væri enn fremur brot á jafnræði að banna umferð vélhjóra en leyfa umferð annarra ökutækja.

2. Ég leyfi mér að fara fram á það að Vegagerðin taki niður umrætt skilti. KKA væri tilbúið til að sjá um að taka skiltið niður fyrir Vegagerðina án kostnaðar og skila því inn til Vegagerðarinnar á Akureyri.

KKA Akstursíþróttafélag er tilbúið til að taka að sér vegahald á þessum vegi allt frá vegi Léttis og yfir Vaðlaheiðina að þjóðveginum í Fnjóskadal. KKA er tilbúið í þetta verkefni eitt sér eða í samvinnu við Létti. Hins vegar stríðir það sjálfsagt gegn vegalögum að veghald sé fengið aðilum sem ekki eiga veginn og án samþykkis landeiganda sbr. áður tilvitnaða grein.

Virðingarfyllt,



Þorsteinn Hjaltason, hdl.